

Sérlög Rótarýklúbbs Reykjavíkur-Breiðholts

1. grein Skilgreiningar

- a) Stjórn: Stjórn klúbbsins.
- b) Stjórnarmaður: Stjórnarmaður í klúbbum.
- c) Félagi: Félagi annar en heiðursfélagi í klúbbum.
- d) RI: Rotary International.
- e) Ár: 12 mánaða tímabil sem hefst 1. júlí.
- f) Fráfarandi forseti: Fyrrverandi forseti er síðast lét af störfum.

2. grein Stjórn

Stjórn klúbbsins skipa 7 félagar, þ.e. forseti, verðandi forseti sem jafnframt er varaforseti, dagskrárstjóri, ritari, gjaldkeri, stallari og fráfarandi forseti.

3. grein Stjórnarkjör

1. Forseti klúbbsins skal á fyrsta klúbbfundi eftir 15. nóvember ár hvert leita eftir tilnefningum félaga um stjórnarmenn, þ.e. verðandi forseta, dagskrárstjóra, ritara, gjaldkera og stallara. Tilnefning skal vera skrifleg og afhent ritara á sama klúbbfundi. Hver félagi má tilnefna einn mann í hvert embætti. Þeir þrír sem flest atkvæði hljóta í hvert embætti skulu vera í kjöri. Ef fleiri félagar en þrír koma til greina vegna þess að atkvæði eru jöfn skal hlutkesti ráða hver eða hverjir eru í kjöri. Tilnefningarnar skulu skráðar á kjörseðil í stafrófsröð fyrir hvert embætti fyrir sig sem lagður er fram og kynntur á kjörfundi þar sem fram fer atkvæðagreiðsla. Þeir frambjóðendur í embætti verðandi forseta, dagskrárstjóra, ritara, gjaldkera og stallara er flest atkvæði fá skulu lýstir kjörnir í viðkomandi embætti. Ef tveir eða fleiri fá jafn mörg atkvæði skal hlutkesti ráða. Sá félagi sem þannig er kjörinn verðandi forseti nefnist tilnefndur forseti. Á því ári sem hefst á starfsskilafundi eftir kjör hans nefnist hann verðandi forseti og er þá jafnframt varaforseti klúbbsins. Hann tekur síðan við sem forseti á starfsskilafundi ári síðar. Sjá jafnframt grein 5, lið 2 í þessum lögum.
2. Stjórn klúbbsins gerir tillögur um skoðunarmenn reikninga og skal einnig kjósa þá á kjörfundi ár hvert.
3. Stjórnarmenn sem kosnir eru skv. lið 1. ásamt fráfarandi forseta mynda stjórn klúbbsins og tekur hún við stjórn hans á starfsskilafundi sem er síðasti fundur júnímánaðar ár hvert.
4. Forfallist stjórnarmaður skulu aðrir stjórnarmenn velja eftirmann/menn.
5. Forfallist verðandi stjórnarmaður skulu aðrir verðandi stjórnarmenn velja eftirmann/menn.

4. grein Skyldur stjórnar- og annarra embættismanna

1. *Forseti.* Forseti stýrir klúbbs- og stjórnarfundum. Hann er málsvari klúbbsins og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti forseta. Forfallist forseti í lengi tíma þannig að hann geti ekki stýrt klúbbum þá þarf fráfarandi forseti eða annar fyrrverandi forseti að taka við stjórn klúbbsins. Stjórn klúbbsins tekur ákvörðun um hver tekur við og tilkynnir klúbbsfélögum og umdæmisstjóra. Verðandi forseti getur hins vegar stjórnað einstaka fundum í forföllum forseta þó svo hann hafi ekki fengið neina forsetaþjálfun.
2. *Verðandi forseti.* Verðandi forseti stýrir klúbbs- og stjórnarfundum í fjarveru forseta og sinnir öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti verðandi forseta. Að öllu jöfnu skal hann aðeins stjórna einum fundi í **senn**, þar sem hann hefur ekki hlotið þjálfun sem forseti klúbbsins.
3. *Dagskrárstjóri.* Dagskrárstjóri hefur umsjón með störfum bæði aðalnefnda og annarra nefnda og starfshópa sem skipaðir eru til sérstakra viðfangsefna á vegum klúbbsins. Hann skal fylgjast með því í samráði við forseta að nefndirnar séu tímanlega tilbúnar með dagskrárefni þeirra funda sem þeim er falið að annast. Að höfðu samráði við fyrirlsara skal hann sjá til þess tölvubúnaður sé tiltækur hverju sinni.
4. *Ritari.* Ritari annast allar bréfaskriftir, heldur félagaskrá, sendir út tilkynningar frá stjórn og nefndum klúbbsins og skráir fundargerðir klúbbs- og stjórnarfunda og varðveitir þær ásamt fundargerðum nefnda. Hann skal setja fundargerðir klúbbfunda inn á heimasíðu klúbbsins sem fyrst eftir hvern fund. Ritari hefur umsjón með gerð fréttabréfs klúbbsins þegar stjórn ákveður að gefa út fréttabréf og sendir það til klúbbsfélaga, annarra klúbba í umdæminu, umdæmisstjóra og annarra skv. ákvörðun stjórnar. Hann útbýr og sendir til RI eftirtaldir skýrslur:
 - 4.1 Misserisskýrslu 1. janúar og 1. júlí ár hvert ásamt árgjöldum félaga sem eru þá eru í klúbbum.

- 4.2 Breytingar á félagaskrá og starfsgreinum.
- 4.3 Tilkynningar um stjórnarkjör eigi síðar 31. desember ár hvert.
- 4.4 Önnur skjöl og tilkynningar sem RI kann að mæla fyrir um.
- 4.5 Áskriftargjald fyrir Rotary Norden.

Ritari sendir umdæmisstjóra:

- 4.6 Samrit tilkynninga til RI
- 4.7 Tilkynningar um breytingar á fundarstað og tíma.

Eitt samrit af öllum ofangreindum skjölum skal varðveitt í skjalasafni klúbbsins. Ritari skal á hverjum tíma varðveita skjalasafni klúbbsins. Í lok síns kjörtímabils skal hann sjá til þess að þau gögn sem eru í hans vörslu séu færð Borgarskjalasafni Reykjavíkur til varðveislu.

Ritari skráir upplýsingar um nýja féлага og þá er hætta, allar mætingar klúbbfélaga á klúbbfundi, nefndarfundi eða á aðra viðburði er gefa mætingu á vef Íslenska Rótarýumdæmisins. Hann skráir einnig mætingar annarra rótarýfélaga sem taka þátt í fundum eða öðrum viðburðum á vegum klúbbsins. Skráning skal framkvæmd sem fyrst eftir hvern viðburð og eigi síðar en innan 15 daga frá síðasta fundi mánaðar. Ritari skal einnig sinna öðrum skyldum sem venjulega fylgja embætti ritara.

5. *Gjaldkeri.* Gjaldkeri ber ábyrgð á öllum sjóðum klúbbsins og gerir grein fyrir þeim árlega svo og hvenær sem stjórn óskar eftir. Þá skal hann sinna öðrum þeim skyldum sem venjulega fylgja embætti gjaldkera, sjá einnig 12. grein. Við starfslok skal gjaldkeri afhenda viðtakandi gjaldkera eða viðtakandi forseta alla sjóði klúbbsins, sjóðsbækur og aðrar eigur klúbbsins
6. *Stallari.* Stallari undirbýr klúbbfundi og sér til þess að öll fundargögn séu til reiðu þ.á.m. fánar, félagaskrá, fundarbjalla og –hamar. Að fundi loknum tekur hann saman fundargögn og færir þau í geymslu. Stallari gætir muna í eigu félagsins og heldur skrá um þá. Forseti og stjórn geta falið stallara önnur verkefni, ýmist tímabundið eða allan starfstíma stallara, eftir því sem tilefni er til.
7. *Fráfarandi og fyrrverandi forsetar.* Fráfarandi forseti situr í stjórn klúbbsins árið eftir að hann lætur af störfum. Hann stýrir klúbb- og stjórnarfundum í lengri fjarveru forseta og ef verðandi forseti er einnig forfallaður og sinnir öðrum störfum að ósk forseta. Ef forseti, verðandi forseti og fráfarandi forseti eru allir forfallaðir skal sá fyrrverandi forseti er síðast lét af störfum og næst til annast fundarstjórn.

5. grein Fundir

1. Kjörfundur er fyrsti fundur í desember ár hvert. Á honum skal kjósa stjórn og skoðunarmenn reikninga næsta starfsárs, sbr. 3. grein.
2. Aðalfundur og jafnframt starfsskilafundur klúbbsins er síðasti fundur í júní ár hvert. Á honum skal forseti gera grein fyrir ársskýrslu stjórnar. Ný stjórn tekur við störfum á þessum fundi. Eigi síðar en á síðasta fastafundi í ágúst skal fráfarandi gjaldkeri leggja fram endurskoðaðan ársreikning klúbbsins fyrir síðasta starfsár til samþykktar og skýra hann. Í ársreikningi skal gera grein fyrir hvorum sjóði fyrir sig, þ.e. rekstrarsjóði og verkefnasjóði. Ritari leggur fram og skýrir sína ársskýrslu og stallari gefur skýrslu um fána og aðra muni í eigu klúbbsins. Eintak af skýrslum þessum og ársreikningum skal ritari varðveita. Jafnframt skal gjaldkeri nýhafins starfsárs leggja fram til samþykkis fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár. Í fjárhagsáætluninni skal koma fram áætlað félagsgjald. Heimilt er að fresta framlagningu og afgreiðslu ársreiknings og fjárhagsáætlunar um mest tvo fundi.
3. Reglulega fundi klúbbsins skal halda á hverjum mánudegi kl. 18:15. Tilkynna skal klúbbfélögum í tæka tíð breytingar á fundartíma eða að fundur falli niður. Halda skal skrá yfir mætingar eða fjarveru klúbbfélaga annarra en heiðursfélaga (eða félaga án mætingarskyldu skv. grundvallarlögum klúbbsins) á klúbbfundum. Það telst mæting ef klúbbfélagi er viðstaddur 60% af fundartíma klúbbsins eða annars rótarýklúbbs eða eins og kveðið er á um í grein 9, lið 1 og 2 í grundvallarlögum klúbbsins.
4. Allir klúbbfundir eru ályktunarfærir í öllum málum þegar a.m.k. þriðjungur félaga eru á fundi.
5. Stjórnarfundir skal að jafnaði halda mánaðarlega. Auk þess skal halda stjórnarfundir ef forseti ákveður eða tveir aðrir stjórnarmenn óska þess.
6. Stjórnarfundir eru ályktunarfærir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði forseta sker úr ef atkvæði eru jöfn.
7. Stefnt skal að því að árlega verði haldnir fjölskyldufundir, makafundir, árshátíð eða skemmtifundir og að klúbbfélagar fari saman í ferðalag.

6. grein Félagsgjöld

Árgjald klúbbfélaga skal ákvarðað með samþykki fjárhagsáætlunar, sbr. 5. grein 2 hér að ofan. Gjaldið skal innheimt fjórum sinnum á ári, í október, nóvember, mars og apríl. Nýir félagar greiða inntökugjald við inngöngu í klúbbinn. Það nemur einum þriðja af árgjaldi.

7. grein Framkvæmd kosninga

Atkvæðagreiðslur um málefni klúbbsins skulu fara fram með handauppréttingu nema kosning stjórnarmanna. Stjórn getur ákveðið að atkvæðagreiðslur um ákveðin mál verði skriflegar.

8. grein Þjónustuleiðirnar fimm

Þjónustuleiðirnar fimm marka hugsjónalega og verklega umgjörð um starfsemi klúbbsins, sbr. 5. grein í grundvallarlögum hans. Þær eru klúbbsþjónustan, starfsgreinþjónustan, samfélagsþjónustan, alþjóðaþjónustan og ungmennþjónustan. Klúbburinn skal taka mið af öllum þessum þjónustuleiðum í starfi sínu.

9. grein Nefndir

Klúbbnefndum er ætlað á grundvelli þjónustuleiðanna fimm að vinna að því að uppfylla markmið klúbbsins bæði til lengri og skemmri tíma. Verðandi forseti, forseti og fráfarandi forseti skulu vinna saman til að tryggja samfellu í stjórnun klúbbsins og áætlanagerð. Þegar mögulegt er skulu nefndarmenn skipaðir til allt að þriggja ára til að tryggja samfellu. Verðandi forseti skal velja félagi í nefndir í stað þeirra er hætta, skipa nefndarformenn og stjórna fundum í upphaf starfsársins til að skipuleggja starfið. Mælt er með að nefndarformaður hafi áður setið í viðkomandi nefnd. Fastanefndir skulu vera:

- **Klúbbnefnd.** Nefndin ber ábyrgð á klúbbsþjónustustörfum og skal samræma störf þeirra nefnda sem skipaðar eru til að fjalla um einstaka þætti klúbbsþjónustunnar. Klúbbnefnd hefur yfirumsjón með starfi eftirtalinnna fastanefnda:
 - *Félagavalsnefnd.* Nefndin skal koma á og innleiða leiðir til að ná til nýrra félaga og að halda þeim í klúbbum.
 - *Starfsgreinanefnd.* Nefndin skal gera skrá yfir þær starfsgreinar í umdæmi klúbbsins sem talið er að átt gætu fulltrúa í klúbbum og hverjar þeirra eiga fulltrúa í klúbbum. Nefndin skal endurskoða starfsgreinaskrána reglulega í samráði við stjórn og benda á mikilvægar starfsgreinar sem ekki eiga fulltrúa í klúbbum. Við gerð starfsgreinaskrár skal farið eftir reglum og leiðbeiningum RI og tekið mið af starfsgreinaskrá RI.
 - *Félagakynningarnefnd.* Nefndin skal vinna að nánari kynnum, samskiptum og tengslum félaganna.
 - *Mannúðarmálanefnd.* Nefndin skal styðja félagslega aðila sem stuðnings þurfa við.
 - *Ferðanefnd.* Nefndin skal skipuleggja og framkvæma ferðir með mökum á vegum klúbbsins.
 - *Hátíðanefnd.* Nefndin skal skipuleggja og sjá um skemmtanir og aðra viðburði með mökum.
 - *Rótarýfræðslunefnd.* Nefndin skal vinna að því að rótarýfélagar, nýir sem eldri, fái fræðslu um réttindi og skyldur sem fylgja aðild að rótarýklúbbi og haldgóða fræðslu um rótarýmál almennt, svo sem um sögu Rótarý og markmið og starfsemi rótarýklúbba og RI.
- **Starfsgreinþjónustunefnd.** Nefndin skal sjá um að klúbbsfélagar haldi fræðsluerindi um starfsgrein sína svo félagar fái innsýn í og skilning á starfi hvers annars og á því þjónustuhlutverki sem hver félagi gegnir í þjóðfélaginu á hverjum tíma.
- **Þjóðmálanefnd.** Nefndin skal sjá um að helstu mál bæjarfélaga á starfssvæði klúbbsins og þjóðfélagsins verði jafnan kynnt fyrir félögum og leggja fram tillögur um hvernig klúbbsfélagar geta best lagt þessum málum lið. Þjóðmálanefnd hefur yfirumsjón með starfi eftirtalinnna fastanefnda:
 - *Ritnefnd.* Nefndin sér um kynningu meðal almennings um Rótarý og á þjónustuverkefnum klúbbsins og starfi. Nefndin skal sjá um upplýsingar á vefsíðu klúbbsins.

- *Þjónustunefnd.* Nefndinni er ætlað að taka saman hugmyndir um þjónustuverkefni tengd fræðslu-, mannúðar- og atvinnumálum sem þarf að sinna á starfssvæði klúbbsins eða erlendis og koma þeim í framkvæmd.
- **Alþjóðanefnd.** Nefndin skal sjá um að félagar verði fræddir um viðhorf Rótarý til alþjóðamála og á hvern hátt Rótarýfélagsskapurinn og einstakir félagar geta best stuðlað að og eflt velvild og gagnkvæman skilning milli þjóða. Nefndin skal sjá um móttöku erlendra ungmenna á vegum rótarýklúbba- eða umdæma. Alþjóðanefnd hefur yfirumsjón með starfi Rótarýsjóðsnefndar.
- *Rótarýsjóðsnefnd.* Nefndin skal vinna að stuðningi við Rótarýsjóðinn bæði með beinum framlögum félaga og annarri fjáröflunarstarfsemi.
- **Ungmennajónustunefnd.** Nefndin skal sinna störfum sem snerta ungmenni í tengslum við rótarýstarfið. (*Lokið verður við textann þegar vinnuhópur umdæmisins hefur lokið störfum.*)

Forseta og stjórn er heimilt að skipa nefndir um sérstök verkefni eftir þörfum.

- a) Forseti klúbbsins er í krafti embættis síns sjálfskipaður í allar nefndir klúbbsins með full réttindi nefndarmanns og skal fylgjast með því að þær ræki skyldur sínar. Hann getur kvatt nefndir til að sitja stjórnarfundi.
- b) Hver nefnd skal sinna verkefnum í samræmi við ákvæði þessara sérlaga auk þeirra verkefna sem þeim eru falin af forseta eða stjórn. Hafi nefnd ekki sérstaka heimild skal hún ekki setja verkefni í framkvæmd nema hafa áður kynnt verkefnið fyrir stjórn og fengið heimild hennar. Nefndir skulu að öðru leyti starfa eftir þeim reglum sem þeim eru settar af RI.
- c) Nefndarformaður er ábyrgur fyrir starfi nefndarinnar og að haldnir séu fundir reglulega. Hann fylgist með og stýrir nefndarstarfinu og upplýsir stjórn um starfið.

10. grein Skyldur nefnda

Forseti skal yfirfara og endurskoða skyldur allra nefnda fyrir hans starfsár og styðjast við viðeigandi skilgreiningar frá RI. Þjónustunefndin skal í sínu starfi taka mið af starfsgreinaþjónustunni, samfélagsþjónustunni og alþjóðþjónustunni.

Hverri nefnd skal í upphafi árs markaður ákvæðinn starfsrammi þar sem tilgreind eru markmið og starfsáætlun til að vinna að á árinu. Verðandi forseti skal setja það á oddinn að útbúa markmið og starfsáætlanir fyrir nefndir klúbbsins og kynna stjórn í upphafi starfsársins.

11. grein Undanþága frá fundarsókn

Stjórn er heimilt að veita félaga undanþágu frá fundarsókn í mest tólf mánuði hafi hann óskað eftir því skriflega með rökstuðningi er stjórnin metur gildan, sjá einnig ákvæði í 9. grein grundvallarlaga klúbbsins.

12. grein Fjármál

1. Stjórnin skal í upphafi hvers starfssárs gera fjárhagsáætlun, þ.e. áætlun um tekjur og gjöld. Útgjöldum ber að halda innan ramma áætlunarinnar nema tillaga stjórnar um breytingar verði samþykkt á klúbbsfundum. Fjárhagsáætlun skal sundurliðuð þannig að hún sýni annars vegar útgjöld vegna venjulegrar starfsemi klúbbsins og hins vegar útgjöld vegna þjónustuverkefna.
2. Félagsgjald skal ákveðið með hliðsjón af fjárhagsáætlun og innifelur árgjald klúbbsins, gjöld til RI og umdæmis, framlag í Rotary Foundation og áskrift að Rotary Norden.
3. Gjaldkeri skal varðveita fé klúbbsins á bankareikningi samkvæmt ákvörðun stjórnar. Fénu skal skipt í tvo sjóði, rekstrarsjóð og verkefnasjóð.
4. Gjaldkeri eða annar stjórnamaður til þess valinn skal sjá um greiðslu reikninga.
5. Kjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara og árita ársreikning klúbbsins.
6. Fjárhagsár klúbbsins er frá 1. júlí til 30. júní. Félagsgjald skal innheimta með jöfnum greiðslum fjórum sinnum á ári. Greiðsla árgjalda til RI og áskriftargjald vegna Rotary Norden skal greiða 1. júlí og 1. janúar ár hvert til rótarýumdæmisins og skal miðað við fjölda klúbbsfélaga á þeim tíma.

13. grein Val nýrra félaga

1. Félagar í klúbbnum geta komið tillögu um nýjan féлага skriflega til stjórnar og tekur ritari við henni fyrir hönd stjórnarinnar. Aðrir rótarýklúbbar geta borið fram tillögu um að félagar eða fyrrverandi félagar í þeirra klúbbsi verði gerðir að félögum í klúbbnum. Tillögur um nýja féлага eru trúnaðarmál svo lengi sem kveðið er á um í lögum þessum.
2. Stjórn klúbbsins gengur úr skugga um að sá er gerð er tillaga um uppfylli kröfur sem gerðar eru til nýrra félaga í grundvallarlögum rótarýklúbba.
3. Stjórn klúbbsins samþykkir eða synjar tillögunni innan 30 daga frá því hún kemur fram og lætur ritari þann sem tillöguna bar fram vita af niðurstöðunni.
4. Samþykki stjórn klúbbsins tillögu um nýjan féлага þá skal viðkomandi fræddur um markmið Rótarý og um réttindi og skyldur rótarýfélaga. Þá er viðkomandi beðinn um að undirrita inntökublað og að heimila að nafn hans/hennar ásamt starfsgrein verði kynnt félögum í klúbbnum.
5. Hafi stjórn klúbbsins ekki borist skrifleg rökstudd andmæli frá félögum í klúbbnum (öðrum en heiðursfélögum) við inntöku viðkomandi innan sjö daga frá því tillagan var kynnt telst hann/hún rétt kjörinn félagi í klúbbnum.
Hafi stjórnin fengið andmæli við framkomna tillögu um nýjan féлага skulu greidd atkvæði um hana á næsta stjórnarfundum. Ef tillagan er samþykkt þrátt fyrir fram komin andmæli þá telst viðkomandi rétt kjörinn félagi í klúbbnum.
6. Í framhaldi af kjörinu sér forseti um inntöku hins nýja félaga og að honum sé afhent fræðsluefni um Rótarý fyrir nýja féлага. Forseti eða ritari skulu tilkynna RI og rótarýumdæminu inngöngu hins nýja félaga. Forseti skal einnig tilnefna klúbbfélaga til að aðstoða hinn nýja féлага við að aðlagast klúbbstarfinu og jafnframt fela honum verkefni er tengist starfi klúbbsins.
7. Enginn félagi má utan klúbbsins skýra frá neinu er varðar tilnefningar eða atkvæðagreiðslu um inntöku félaga í klúbbinn.
8. Klúbburinn getur samkvæmt tillögu stjórnar valið heiðursfélaga í samræmi við grundvallarlög klúbbsins.

14. grein Tillögur

Málefni eða tillögur sem fela í sér skuldbindingu fyrir klúbbinn skulu ekki bornar upp á fundum fyrr en stjórn klúbbsins hefur fjallað um þær. Komi slík mál fyrir fund án vitundar stjórnar skal þeim umræðulaust vísað til hennar.

Samskota má ekki leita og hjálparbeiðnir má ekki bera fram í klúbbnum eða á vegum hans nema með samþykki stjórnar.

15. grein Ýmislegt

- **Fundarsköp:** Stjórn klúbbsins setur reglur um fundarsköp. Skal í þeim stefnt að því að gera fundina ánægjulega, aðlaðandi og fróðlega fyrir féлага og gesti.

16. grein Lagabreytingar

Tillögur um lagabreytingar skulu vera skriflegar og skal stjórn klúbbsins senda öllum félögum þær í pósti eða tölvupósti eða dreifa á klúbbfundum a.m.k. einni viku áður en þær koma til umræðu. Hafa skal tvær umræður um breytingarnar. Í fundarboði skal tilkynna sérstaklega ef umræður/atkvæðagreiðsla um lagabreytingar eru á dagskrá.

Lögum þessum má breyta á hvaða reglulegum klúbbfundum sem er, sé meirihluti félaga viðstaddur, og með atkvæðum 2/3 hluta viðstaddra. Breytingar á lögnum skulu vera í samræmi við grundvallarlög Rótarýklúbbs Reykjavíkur-Breiðholts og grundvallar- og sérlög RI.

Sérlög þessi voru samþykkt í fundi Rótarýklúbbs Reykjavíkur-Breiðholts 7.03.2011